

Vegna breytingar á samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar

Lögð er til breyting á samþykkt nefndarinnar til þess að það sé fyllilega tilgreint að nefndin sinni hlutverki þess samráðsvettvangs gagnvart fötluðu fólki sem fjallað er um í 8. og 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í fyrri samþykkt var aðeins tilgreint að nefndin færi með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks skv. 42. gr. laganna en ekki notendaráðs skv. 8. gr. Nánar er greint frá hlutverki samráðshóps um málefni fatlaðs fólks og notendaráðs hér að neðan.

Breyting á samþykktinni felur það einnig í sér að tilgreint er að kjörnir fulltrúar sitji ekki fund þegar notendur fjalli um mál sem falla undir verksvið notendaráðs, en fjallað er um hvernig notendaráð skuli vera skipað í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks fer með verkefni *samráðshóps um málefni fatlaðs fólks* skv. [2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga](#). Samráðshópurinn skal skipaður að lágmarki þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn auk þremur fulltrúum tilnefndum af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Þar segir :

„Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins“.

Hlutverk notendaráðs

Notendur félagsþjónustu sem sitja í aðgengis- og samráðsnefnd fara einnig með verkefni *notendaráðs* sem fjallað er um í [8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga](#). Þar segir:

*„Samráð skal haft við notendur félagsþjónustunnar með það að markmiði að þeir séu virkir þátttakendur í undirbúningi ákvörðunar um þjónustu og hvernig henni verður háttað. Þá skal hafa samráð við notendur við almenna stefnumörkun innan sveitarfélagsins. Sveitarfélög skulu a.m.k. árlega funda með hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustunnar **og skulu starfrækja sérstök notendaráð sem tryggir aðkomu hagsmunasamtaka notenda við stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélags í málefnum er varða meðlimi þeirra**. Tryggja skal þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í notendasamráði“.*

Vísað er til hlutverks notendaráða í lið F7 í 2. kafla í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. Þar kemur fram að markmið notendaráða sé að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi. Fötluðu fólki verði gert kleift að hafa aukin áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sem og önnur hagsmunamál sín. Á hverju þjónustusvæði verði sett á laggirnar notendaráð **skipað fötluðu fólki** sem

sé ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun í málaflokknum. Þjónustusvæðið vinni alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks með ráðinu og geti auk þess tekið upp mál að eigin frumkvæði. Boðið verði upp á stuðning og ráðgjöf til að mæta sértækum þörfum fatlaðra fulltrúa sem sitji í notendaráðunum, m.a. sé gætt að því að efni sé sett fram á auðskildu máli.

Samkvæmt framangreindu sitja kjörnir fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd ekki fund þegar notendur fjalla um þau mál sem falla undir verksvið notendaráðs, t.d. þegar veita skal umsagnir um umsóknir um starfsleyfi, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.